

## Guðmundur Guðmundsson í Meðalheimi 1824<sup>1</sup>

1824, þann 1. júní, voru undirskrifaðir komnir að Meðalheimi til að uppskrifa og virða eftirlátið sterfbú Guðmundar sálaða Guðmundssonar, sem dó þann 14. maí sama ár, hvörja fjármuni hans eftirlifandi ekkja, Guðríður Guðmundsdóttir, fram vísar

	Rd.	Sk.
Bókum		
Biblía af því britiska félagi, skemmd í bandi	1	24
Vídalínspostilla	1	32
Sálmabókin nýja		64
Missiraskiptaoffur		12
Passíusálmar, skræða		8
Rostoks postilla		8
Píslarþankar		8
Sjóorðabók í sambandi við slitra út af skilningarvitunum, rotin skræða		6
Hallgrímskver, skræða		6
Í kvenfatnaði		
Blátt samfellupils, þrílagt svuntumegin með grænni flauels snúru	3	
Tveir silfurhnappar	1	24
Blátt pils og svunta af vaðmáli og einskeptu	2	
Grænt raskpils og græn klæðissvunta	1	32
Bláleitt lérefts forklæði		64
Blár upphlutur með koparmilnum		80
Svört þrjónpeysa		32
Kvenhempa, forn		64
Ditto lakari		48
Tveir kvenkragar		12
Styttuband		12
Damasks klútur með grænleitur bekkjum	1	
Ditto með rauðleitur teinum, silki		64
Ditto með rauðleitur bekkjum af silki		48
Léreftsklútur grænteinóttur		80
Ditto guldoppóttur		80
Ditto með rauðleitur bekkjum		64
Ditto með ljósbláum bekkjum		64
Hvít lérefts handlína		64
Traf	1	
Þríhyrnutraf		32
Rauðleitt hálssilki		16

<sup>1</sup> Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/3. Skiptaskjöl 1824. Einnig: ED1/2. Skiptabók 1821-1825, bls. 292.

Beltspör af silfri, fódruð með látúni		48
Treflastokkur		16
Bláir sokkar, fornir		10
Ditto svartir		10

#### Í karlmannafatnaði

Blár brjóstadúkur nýlegur af vaðmáli, með 16 koparhnöppum	1	48
Ditto forn, prjónaður, með 15 tinhnöppum		64
Hvít peysa slitin, með nokkrum beinhnöppum		28
Blá peysa forn, með 20 hnappamyndum	1	
Ditto blá, tvíhneppt, forn, hnappalaus		64
Ditto með tíu tinhnöppum		64
Ditto með flötum tinhnöppum		32
Ditto blá, ótilbúin	1	
Nýjar langbuxur svartar, með fjórum koparhnöppum	1	8
Ditto svartar stuttbuxur, með 13 hnöppum		64
Nærbuxur nýlegar, með fimm hnöppum		64
Ditto fornar, með fimm hnöppum		32
Bolgarmur með níu hnöppum		8
Peysu- og brókargarmur		10
Blá húfa forn		8
Nátthúfa		12
Vettlingar nýir og sokkabönd		16
Hálsnálar		24
Signet		8
Hattur	1	32
Ditto, garmur		4
Axlabönd		4
Hvítir stuttsokkar		10
Ditto, tvennir svartir, fornir		20
Ditto, tvennir mórauðir		10
Blágráir háleistar		8
Tvennir íleppar		4
Hjónarúm, hvört svaramaður ekkjunnar uppástendur að hún behaldi fyrir utan skipti, er með fornri fiðursæng, nýrri rekkjuvoð, ditto fornri, brekán brúkanlegt og koddí, rúmstokkur með bríkum	4	
Forn brúkanlegt brekán	1	
Tveir smákoddar		48
Skinndýna lítil með fiðri	1	
Þrjár rekkjuvoðagarmar, bættir og rifnir		16
Brekán og rekkjuvoð, hjá vinnumanninum	1	

#### Í elds- og búsgagni

Tveggja fjórðunga pottur, brotið af eyrað	1	
Ditto, hálfvættar, ónýtur		16
Ditto, tveggja fjórðunga, ónýtur		8
Tveggja tunnu sár, nýlegur	3	
Ditto, 1 ½ tunnu, lekur	1	48
Tíu fjórðunga kolla, lítt nýt		48
Ditto grafin í jörð		24
Tunna gömul með járngjörðum		48
Ditto lakari		24
Strokkur gamall og lekur		32
Tvö trog		32
Tvö ditto, lakari		24
Tvö ditto, með skarð í hlið og gafl		24
Ditto með holu í hlið, annað máð inn að nöglum		20
Tveggja fjórðunga kolla		48
Ditto, loggbrotin		40
Fjórðungskolla		28
Dotto, 16 marka		20
Ditto, hálf annarrars fjórðungs, gjarðlítill og loggbrotin		16
Fata ný		48
Ditto, tekur meir en fjórðung		32
Ditto, tekur 15 mk. loggbrotin		16
Ditto, 10 mk., lítt nýt		8
Tveir askar		12
Tveir askar nýir, annar bilaður		32
Einn ditto, ferhyrndur		12
Þrír ditto, lítt nýtir		12
Ditto, tveggja marka, lýtt nýtur		4
Skál		6
Öskjur		8
Spónn sinklaður <sup>2</sup>		4
Tveir sjálfskeiðungar		16
Gæruhnífur		8
Tveir tálguhnífar		8
Tveir afkvists hnífar		4
Vættar kista í góðu standi	3	
Ditto, lakari	2	32
Ditto, gömul og léleg	1	
Ditto, lélegust og minnst		64
Stór kistuskrokkur, fúinn	1	
Pallkistilsgarmur járnalaus		8

---

<sup>2</sup> Stendur svo.

Í reiðtygjum og reiðskap		
Hnakkgamur bilaður, með þófadýnusessu, ístöðum, hringjabeisli, járnhringjugjörð, allt lélegt	1	48
Kvenreiðtygi, þófi, koparstokkapófaól með ístöðum og gjörð, lítið áklæði og beisli	3	
Tveir klifberar með reiðskap	1	34
Tveir ditto með lakari reiðskap	1	
Tveir ditto lakastir og bilaðir		48
Tvö pör ólareipa, slitin	1	
Sjö pör bandreipa	3	48

Í aðskiljanlegu		
Smiðjubelgur, blístra, lítil stöðji brotinn, og tóng, allt lítt nýtt	1	
Klaufhamar bilaður		12
Hestajárn undir tvo hesta, gamalt, þó brúkanlegt	1	32
Stokkur með skeifnabrot og smá járnarusli		32
Tveir nafrar		8
Handöxi		32
Skaröxi lítil		32
Tvær saganefnur ónýtar		6
Tveir heykrókar		4
Tvö brýni		4
Tveir leglar litlir		32
Karfa gömul		4
Tveir grasljáir brúkaðir		48
Þrjár spíkur		24
Reka og önnur lítil, samt rekutindur		64
Páll lélegur		32
Eitt orf		12
Tvö ditto, lakari		16
Þrjár hrífur og tvö höfuð að auk		32
Tvær klárur		16
Kvörn með stökk	2	
Hrosshá í Hnausum, 14 mk.	1	
6 ½ pund sauðskinn	1	
8 pund lambskinna		80
Tjaldgarmur	1	
Þrír pokaræflar		16
Stór rokkur	1	
Ditto minni		80
Tveir rúmstokkar og einar bríkur, samt setustokkur		48
Níu pallfjalir og fjórir pallstokkar	2	

Kaupstaðarvara

20 pör sokka	2	48
Tveir fjórðungar tólgar	2	

#### Í húsum

Fjárhús út á vellinum yfir rúmar 30 kindur, bilað, veikt og fúíð, með garða umbúningi	4	
Ditto, hesthúskofi með lélegum og fúnum viði	1	48
Ditto, yfir rúmar 30 kindur með garðastokkum og garðabandi annars vegar, fúíð og veikt	3	
Í lausum viði vænn viðarköstur	1	48
Raftar út á Skaga		24
Taðkláfar	1	48
Þrír meisar		48

#### Í lifandi peningi

Hvít kýr kálflaus, 16 vetra	6	
Ditto, kvíga að öðrum kálfi, tímabær	11	
55 ær, hvör 2 rd., 15 sk.	118	16
Sex sauðir tvævetrir, 2 rd.	12	
Tveir ditto eldri, 1 rd., 48 sk.	5	
24 gemlingar	24	
Brúnn hestur 18 vetra	5	
Ditto, bleikálóttur 18 vetra	5	
Ditto, rauður klár	4	
Kapall ljósaskjottur 14 vetra	5	
Ditto, rauð 6 vetra	6	
Skjótt hesttrippi tveggja vetra, harð <sup>3</sup>	4	
Ditto, mertrippi handreisa og virðist meir ankannað <sup>4</sup> og talið tapað		<u>1</u>
Summa	314	56

#### Skuldir á búinu eru sem fylgir:

Útfararkostnaður	11	
Til viðkomandi prests	1	48

Landskuld áfallin í vor

Samt þinggjald

Mr. Guðmundur á Grund lýsir eftir að hafa lánað Guðmundi heitnum danska specú og krónu túsíð, hvörja skuld ekkjan og hennar svaramaður, mr. Þorsteinn í Holti, afsegir að betala utan hann bevísi

Ekkjan lýsir að mr. Þorleifur í Stóradal eigi þar inni í bú

<sup>3</sup> Stendur svo.

<sup>4</sup> Óljóst.

40 sk. dansk courant.

Jón stjúpsonur Guðmundar heitins lýsir að eiga 64 sk. courant

64

Innistandandi arfur Jóhönnu af bróðurlóði, er sálaði faðir

hennar tók eftir konu sína, sem getur sést hvað

mikið er af lóðseðli hennar

Leiga eftir eina á Kristínar Ólafsdóttur, 5 fiskar

Hannesi í Sauðanesi, 3 fiskar

Uppskriftar- og virðingarkaup

Álag á jörðina Meðalheim, 150 álnir

Erfingjar Guðmundar sálaða eru: Jón, Margrét fullorðin og Jóhanna 17 vetra, ei sammæðra, en launsonur Guðmundar heitins, Jóhann 6 vetra (f. 7. ágúst 1820, d. 14. júní 1856), ef hvorki getur eignast arf né uppeldi eftir föður sinn, virðist mér að erfingjarnir eigi að annast um uppfóstur hans eður standi því næstir, ei af ólíkri náttúru eins og að betala skuldir þess fráfallna.

Hannes Þorvaldsson, virðingarmaður Sveinn Halldórsson

### Uppskrift á jörðinni Meðalheimi

1824, þann 1. júní, voru undirskrifaðir staddir í Meðalheimi til að uppskrifa og virða til ofanálags jörðinni fylgjandi hús, að hún sé í leigufæru standi.

1. Baðstofa, 3 stafgólf á lengd, 3 álnir á breidd, er með átta stöfum, lausholtum beggja megin í tveimur stafgólfum, þremur bitum, fjórum sperrum — hvar af einar eru höggsperrur — þremur langböndum á hvörja hlið, engin mænirtróða, heldur flatreftur mænirinn á efstu langböndin, fjalviðar árefti þéttreft og brúkanlegt, hurð á járnum með dyrastöfum, þröskuld, lítil þverfjöl ofan hurð. Veggir gamlir og grafnir og í jörð sokknir að utan. Húsið virðist stæðilegt í sínu formi að viðum en þar það er of mjótt — þar baðstofa virðist ei mega vera minni á breidd en 4 álnir — og veggir gamlir og lélegir. Álag 40 álnir.

2. Búrhús, 2 stafgólf á lengd, 3 ½ á breidd. Er með einum bita lögðum á vegg, einlægur mænirás, tveir skorðraftar af bitaendum á mænirás, langreft og þverreft með brúkanlegum viði, með hurð á járnum, hespu og keng, með dyrutré og dyrustöfum. Veggir stæðilegir að innan, nokkuð í jörð að utan. Húsið virðist stæðilegt í sínu formi.

3. Eldhús, 2 stafgólf á lengd, nær því fjórar álnir á breidd. Er með tveimur bitum lögðum á vegg, einn dvergur af hvörjum bita undir einlægum mænirási, langreft og þverreft með brúkanlegum viði. Veggir gamlir, þó stæðilegir. Húsið virðist stæðilegt í áminnstu formi.

4. Kofi sunnan fram í bænum, 7 álnir á lengd, 3 ½ á breidd. Er með einum bita, einn dvertur af bita undir auknum mænirási, langreft og þverreft með sumpart fúnu og lítt nýtu árefti, hurð á járnum með ólarhespu og keng, dyrustöfum og dyrutré. Veggir eru snaraðir og nær því fallnir. Álag 40 álnir.

5. Göng, krókur frá baðstofudyrum til gangna 3 álnir, með fáeinum fúasmáröftum yfir. Þaðan göng frá baðstofu til eldhúss, 6 álnir, er með 5 þverröftum, langreft yfir með fúnu og lélegu árefti. Göng frá baðstofu til útidyra, 9 álina löng, eru með fimm þverröftum, fúnu og lítt nýtu árefti. Bæjarhurð á járnum með tréloku, dyrustafir lítt nýtir, lítið björpil yfir dyrum. Gangaveggir eru sumpart lélegir og norðanvert fyrir framan baðstofudyr því nær fallin. Álag 30 álnir.

6. Kofi sunnan undir bænum, 6 álna langur og 3 á breidd. Er með einni stoð, langreftur og þverreftur, með brúkanlegu árefti. Veggir gamlir, þó nokkuð stæðilegir, lítt nýtir dyrustafir, laus hurð lokuð að utan.

7. Fjós yfir fjórar kýr, með einni stoð og tveimur stytta[m], tveimur mænirásum, þremur máttarröftum, langreft og þverreft með mestpart fúnu[m] og lélegum viði og að mestu leyti einn básinn inn dottinn. Tvær hurðir fyrir fjósi, með tvennum dyrustöfum. Forskyggni milli hurðanna hér um fað[mur]. Veggir lýtt nýtir. Álag 40 álnir.

8. Lambhús yfir 24 lömb, tekið fyrir innstæðuhús.

Tvö kúgildi, kýr 12 vetra miðsvetrarbær og sex ær.

Hannes Þorvaldsson, Sveinn Halldórsson

Kristfjárfjörðin Meðalheimur, sem var uppskrifuð og úttekin vorið 1824 og nú við ábúandaskipti næsta vor aftur álitin, þann 21. júní 1825, þar sem ekkjan Helga Jónsdóttir tekur við nefndri jörðu til ábýlis en ekkjan Guðríður sleppir.

Nú uppástendur fyrirvinna eður ráðsmaður nefndrar ekkju, Helgu, mr. Þorlákur Auðunsson, að jörðin sé nákvæmlega skoðuð og öll bæjarhús mæld með dönskum kvarða:

1. Baðstofa er í þremur stafgólfum, 8 álna löng, hornstafur sloppinn eður skakkur og að öðru leyti eins og við fyrra árs uppskrift. Álag 40 álnir.

2. Búrhús, 4 ½ alin á lengd og tæpar 3 á breidd og að öðru leyti eins og í fyrri árs uppskrift.

3. Eldhús, 5 ½ [alin] á lengd og rúmar 3 á breidd, að öðru leyti sem fyrra ár.

4. Kofi sunnan fram í bænum 6 ½ [alin] á lengd og 3 og 1 kvartil á breidd, og að öðru leyti eins og við fyrra árs uppskrift. Álag 40 álnir.

5. Göng að öllu leyti eins og við fyrra árs uppskrift utan partur frá baðstofukrók til eldhúsdýra eru rúmar 5 álnir og nokkrir smáraftar bilaðir og burt dottnir. Álag 30 álnir.

6. Kofi sunnan undir bænum, að öllu leyti eins og fyrra ár.

7. Fjós nýbyggt, er yfir fjórar kýr, er með einum mænirási og tvær stoðir undir, vegglagjur beggja megin með fjórum stoðum undir, reft af vegglagjum á mænirás með vel brúkanlegu greniviðar árefti. Veggir stæðilegir, tvær hurðir fyrir fjósi og forskyggni framan á milli hurðanna. Ábúandinn antekur nú fjósið álagslaust.

8. Hús sem tekur 24 lömb, er tekið fyrir innstæðuhús, bilað að viðum og veggjum. Álag 10 álnir.

Allt svo verður álags summan 120 álnir.

Því næst var álagið úttekið og afgreitt og samdi hlutaðeigendum ákjósanlega vel.

Hannes Þorvaldsson, sem lögverjari ekkjunnar Guðríðar.

Fyrirvinna ekkjunnar Helgu, sem við jörðinni tekur.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> Vantar undirskrift Þorláks Auðunssonar.